

Ástralsk-franski fiðluleikarinn **Nicholas Milton** stundaði tónlistarnám við Sydney Conservatorium og Victorian College of the Arts. Hann kom til Bandaríkjanna árið 1987 sem gestanemi í boði Michigan State University og lauk mastersnámi þar árið 1989. Nicholas Milton hefur unnið til fjölmargra verðlauna og viðurkenninga fyrir leik sinn bæði í heimalandi sínu og í Bandaríkjunum, meðal annars gullverðlaun í Sleider fiðlukeppninni 1989, Naumburg Scholarship (1991) frá Juilliard tónlistarskólanum og Felix Salzer Technique of Music Award (1994) frá Mannes College of Music í New York. Nicholas Milton hefur komið fram víða á einleiks- og kammertónleikum meðal annars í Weill hljómleikasalnum í Carnegie Hall og Avery Fischer Hall í Lincoln Center listamiðstöðinni í New York. Nicholas Milton stundar nú doktorsnám í fiðluleik við City University of New York en starfar að auki við Mannes College of Music og New York Chamber Symphony.

**Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari stundaði tónlistarnám við Tónmenntaskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík. Að loknu einleikarprófi stundaði hún framhaldsnám við City University í London og Mannes College of Music í New York. Nína Margrét hefur komið víða fram sem einleikari og í samleik, meðal annars með Kammersveit Reykjavíkur, í Ríkisútvarpinu og á vegum EPTA, í Purcell Room í London og Cité des Arts í París. Hún hefur enn fremur skrifað greinar um íslenska píanótónlist og um gildi tónlistar fyrir þroska tilfinninga og vitsmuna. Nína Margrét hlaut styrki á síðasta ári úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen og úr sjóði Helenu Rubinstein. Hún stundar nú doktorsnám í píanóleik við City University of New York og vinnur meðal annars að rannsóknnum um þróun píanóleiks á Íslandi auk þess að starfa við Bloomingdale tónlistarskólann í New York.

Nicholas Milton og Nína Margrét hafa starfað saman í eitt ár og komið víða fram á New York svæðinu. Þau hafa verið ráðin sem starfandi dúó (artist-duo-in-residence) við Bloomingdale tónlistarskólann í New York.

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Nicholas Milton  
fiðluleikari

Nína Margrét Grímsdóttir  
píanóleikari

Beethoven samdi tíu sönötur fyrir fiðlu og píanó sem spanna frá ópus 12 (1797-8) til ópus 96 (1812 - 1815). Þessi verk eru hornsteinar í efnisskrá þessarar hljóðfærasamsetningar jafnvel þótt þær hafi hlotið minni athygli en píanósönötur hans, en á það má gjarnan benda til vitnis um mikilvægi þessara verka fyrir píanóið að Beethoven skrifar á titilblað handritsins „Sonaten für Klavier und Violine“ eða Sönötur fyrir píanó og fiðlu. Þetta gerir hann að hætti Mozarts sem einnig merkti titilsíðu fiðlusónata sinna á þennan hátt. Hin svonefnda Vorsónata, ópus 24 í F dúr er fyrsta fiðlusónatan, í fjórum köflum og hefst á hinni vel þekktu syngjandi laglínu sem er fyrirboði annarra slíkra lýrískra laglína sem er að finna í síðari verkum tónskáldsins, t.d. í sjöttu sinfóníunni og fjórða píanókonsertinum. Hin innhverfa dýpt annars kafla sönötunnar myndar sterka andstæðu við andrúmsloft hins fyrsta og er kaflinn tónfræðilega byggður á jafnri skiptingu áttundarinnar í stórar þríundir. Hið stutta scherzo og tríó vekur glöðværð og undirbýr þannig jákvæða hljóman fjórða kaflans. Sónatan er afar vandlega samin með tilliti til tilfinningalegs og tónfræðilegs jafnvægis og á sem slík vísan aðgang að áheyrendum.

Debussy entist ekki ævin til þess að ljúka því verki sem hann hafði hafist handa við sumarið 1915, en það var að semja sex sönötur fyrir mismunandi hljóðfærasamsetningar og eins og segir á titilsíðu hinnar fyrstu „Les Six sonates pour divers instruments sont offertes en hommage a Emma-Claude Debussy, Son mari, Claude Debussy“, þá voru þær tileinkaðar konu hans Emmu. Fyrsta sönatan úr þessari röð verka er fyrir selló og píanó, önnur fyrir flautu, víólu og hörfu og sú þriðja og síðasta fyrir fiðlu og píanó og lauk Debussy henni í mars 1917. Vallas segir í ævisögu sinni um tónskáldið að drög að fjórðu sönötunni sýni verk fyrir óbó, horn og sembal. Lockspeiser skrifar að fimmta sönatan hafi verið hugsuð fyrir blásturshljóðfæri og píanó (þ.e. trompet, klarinett, fagott og píanó) og hin sjötta hafi átt að vera í formi konserts fyrir öll ofantalin hljóðfæri ásamt kontrabassa. En úr því varð ekki þar sem Debussy lést undir lok fyrri heimstyrjaldarinnar, þann 25. mars 1918 eftir langvinn veikindi. Vanlíðan og nálægð við dauðann setja mark sitt á sönötu Debussys fyrir fiðlu og píanó og eins og segir í bréfi tónskáldsins til vinar síns Robert Godet þá skrifaði hann verkið til að losna við það úr huga sér og samdi t.d. sex útgáfur af þriðja kaflanum „þar sem þemað minnir á leik snáks sem bitur í eigin hala“. Sónatan er lýsandi fyrir tilraunir Debussys til þess að losa franska tónlist undan áhrifum þýskrar tónsmíðatækni og endurheimta eigin sérkenni og gerir miklar kröfur til flytjendanna í sambandi við að ná fram hinu draumkennda andrúmslofti sem ríkir í verkinu að hluta til og einnig þeirri háðslegu kímni sem talsvert ber á. Laglínur verksins eru frumlegar en byggja einnig á spænskum þjóðlögum, tónlist Austurlanda og jafnvel öðrum verkum tónskáldsins eins og *Ibérica* og *La Flûte de Pan*. Þegar Debussy fékk sönötuna í útgefnu formi skrifaði hann í bréfi: „Þrátt fyrir depurð mína og vanlíðan var það afar ánægjulegt að sjá verkið loksins fullfrágengið.“ Hann flutti verkið opinberlega í París ásamt fiðluleikaranum Gaston Poulet í maí 1917.

Bartók samdi tvær Rapsódíur fyrir fiðlu og píanó árið 1928 og eru þær gott dæmi um árangur rannsókna hans á ungerskri þjóðlagatónlist. Báðar eru í tveimur köflum, lassú og friss þar sem hinn fyrri er lagrænn og innhverfur en hinn síðari leggur meiri áherslu á tækniþrif og taumleysi. Rapsódía nr. 1 er tileinkuð fiðluleikaranum Joseph Szigeti sem frumflutti það með hljómsveit 1. nóvember 1929 í hljómsveitarútsetningu tónskáldsins sem notar m.a. ungerska slaghljóðfærið *cimbalom*. Í lassú kaflanum blandast saman hrá kímni og laglínur í lýðiskri tóntegund og heyrast þar sérstaklega sterk rýtmisk áhrif ungerska tungumálsins. Friss kaflinn myndar svo nauðsynlegt mótvægi bæði í tempó og karakter með glöðlegri sveigju upphafsþemans í E dúr sem síðan leiðir út í spunakennda smærri þætti sem taka hver við af öðrum. Jafnvægi ríkir með hljóðfærunum þó segja megji að fiðlunni sé gefið meira frelsi hvað tónmyndun og lit varðar.

NM/NMG

## Efnisskrá

- |                                  |   |
|----------------------------------|---|
| L. v. Beethoven<br>(1770 - 1827) | Sónata fyrir fiðlu og píanó ópus 24 (1801)<br>- <i>Vorsónatan</i><br><br>Allegro<br>Adagio molto espressivo<br>Allegro molto<br>Allegro ma non troppo |
| C. Debussy<br>(1862 - 1918)      | Sónata fyrir fiðlu og píanó (1917)<br>Allegro vivo<br>Fantasque et léger<br>Très animé  |
| B. Bartók<br>(1881 - 1945)       | Rapsódía nr.1 fyrir fiðlu og píanó (1928)<br>Lassú<br>Friss   |